

**Nd. 565. Frumvarp til laga [218. mál]**

um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

**1. gr.**

Í lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu eru þessir hreppar: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.

Í lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu eru þessir hreppar: Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnesneshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

**2. gr.**

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði er jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu. Bæjarfógetinn í Keflavík er jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu.

**3. gr.**

Afnotaréttur sveitarfélaga þeirra, sem um ræðir í lögum þessum, til beitolanda og afrétta helzt óbreyttur eins og verið hefur þrátt fyrir ákvæði laga þessara.

**4. gr.**

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1974. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 22 3. október 1903, um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög og síðasta málsgr. 1. greinar laga nr. 46 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvornig málum þeim í Gullbringusýslu, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringusýslu og sýslumannsins í Kjósarsýslu.
2. Eignaskipti og skuldaskil, sem leiðir af tilfærslu hreppa á milli sýslanna, skulu fara fram hið fyrsta. Rísi ágreiningur, sker félagsmálaráðherra úr.